

JAFNRÉTTISÁÆTLUN LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

OKTÓBER 2019

INNGANGUR

Í stefnu Listaháskóla Íslands 2019–2022 kemur fram að skólinn sé samfélag þar sem jafnræði, virðing og traust er lagt til grundvallar öllu starfi. Skólinn leggur áherslu á velferð nemenda sinna og starfsfólks og vill vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem öllum sem þar starfa eru tryggð örugg starfsskilyrði.

Innan skólans má engan mun gera á fólki á grundvelli þátta sem greinir það að s.s. kyns, kynþáttar, kynhneigðar, hörundslitar, aldurs, barneigna, þjóðernis, félagslegs uppruna, fötlunar, tungumáls, trúar, stjórnmalaskoðana eða annars konar skoðana, eigna, uppruna, efnahags, ætternis, fjölskylduaðstæðna eða skertrar starfsgetu.

Jafnréttisáætlun Listaháskóla Íslands er unnin í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla [sic] og samin jafnt með nemendum sem starfsfólk í huga.

Í 18. gr. jafnréttislaga kemur fram að jafnréttisáætlun þarf að kveða á um þau réttindi sem tilgreind eru í 19.–22. gr. Þar er sérstaklega fjallað um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hvernig atvinnurekendur og stjórnendur vinni gegn og bregðist við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni á vinnustað. Jafnframt kveður áætlun þessi á um það sem fram kemur í 23. gr. jafnréttislaga um menntun og skólastarf.

Áætlunin byggist upp af markmiðum og aðgerðum og skiptist í þrjá kafla:

1. Nám og kennsla
2. Mannauður
3. Fræðsla

1. NÁM OG KENNSLA

Megináherslur eru að:

- stuðlað verði að fjölbreyttum nemendahópi
- stutt verði við ólíkar þarfir nemenda
- námsefni og kennsluhættir séu fjölbreytt
- húsnaði verði aðgengilegt öllum
- kynjajafnrétti endurspeglast í textum, skjölum og kerfum skólans
- samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið
- aðgengi að starfsemi LHÍ verði aukið fyrir ólíka hópa samfélagsins.

| Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Verklök |
|--|---|--|------------|
| Stuðlað verði að fjölbreyttum nemendahópi. | <ul style="list-style-type: none">- Í inntöku sé stuðlað að fjölbreyttum nemendahópi.- Aðgengi jaðarhópa að listnámi greint og aðgerðir mótaðar til úrbóta.- Birtingarmynd nemendahópsins í kynningarefni sé fjölbreytt.- Upplýsingum um nám og inntöku sé miðlað á fjölbreyttan máta. | Deildarforsetar Fagstjórar Teymisstjóri kynningarmála Verkefnastjóri Opna LHÍ | Viðvarandi |
| Stutt verði við ólíkar þarfir nemenda. | <ul style="list-style-type: none">- Aðgengi að námsráðgjafa aukið. | Námsráðgjafi, Námsþjónusta, Deildarforsetar, | Vor 2021 |

| | | | |
|---|---|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> - Upplýsingar um stuðning í boði miðlað til nemenda í frekara mæli. - Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna aukinn. - Upplýsingum um nám, s.s. námskeiðslýsingum og stundatöflum sé miðlað til nemenda með fyrirvara og fullnægjandi hætti. - Nemendur skipi sér trúnaðarmenn. | Fagstjórar, Jafnréttisnefnd Alþjóðasvið Nemendaráð | |
| Fjölbreytt námsefni og kennsluhættir. | <ul style="list-style-type: none"> - Kennsluhættir og námsefni komi til móts við fjölbreyttan nemendahóp. - Námsfni endurspegli fjölbreytta heimsmynd. | Deildarforsetar Fagstjórar | Reglubundið við endurskoðun námsbrauta |
| Húsnæði verði aðgengilegt öllum. | <ul style="list-style-type: none"> - Úttekt gerð á aðgengi að húsnæði skólans og aðbúnaði. Úrbætur gerðar þar sem þörf krefur. - Upplýsingar um sérúrræði séu birtar í handbókum nemenda og kennara, á vef skólans og á innri vef. - Aðgengi verði tryggt við hönnun á nýju framtíðarhúsnæði. | Framkvæmdastjóri Umsjónarmaður húsnæðis | Vor 2021 |
| Kynjajafnrétti endurspeglit í textum, skjölum og kerfum skólans. | <ul style="list-style-type: none"> - Textar í kynningarefni og á vef skólans verði yfirfarnir með þetta í huga. - Kerfi skólans bjóði upp á breiðara val á kyni. - Orðalag námskeiðslýsinga endurspegli fjölbreytileika kynja. | Verkefnastjórar Námsstjóri Teymisstjóri kynningarmála Kerfisstjóri Fagstjórar | Vor 2021 |
| Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða. | <ul style="list-style-type: none"> - Kennslugögn endurspegli fjölbreyttan bakgrunn nemendahópsins. - Kynjahlutföll í kennsluefni séu með sem jöfnustum hætti. - Kynjahlutfall kennara og inntökunefnda verði með sem jöfnustum hætti. | Deildarforseti Fagstjórar | Reglubundið við endurskoðun námsbrauta |
| Aðgengi að starfsemi LHÍ verði aukið fyrir ólíka hópa samfélagsins. | <ul style="list-style-type: none"> - Mótaðar verði opnar vinnustofur og stutt námskeið sem henta og höfða til ólíkra hópa samfélagsins. - Aukið samstarf við landsbyggðirnar. | Verkefnastjóri Opna LHÍ Deildarforsetar | Vor 2022 |

2. MANNAUÐUR

Megináherslur eru að:

- stuðlað verði að fjölbreyttum starfsmannahópi
- greidd verði jöfn laun og veitt sömu kjör fyrir sömu og sambærileg störf

- starfsfólki sé gert kleift að samræma einkalíf og vinnu
- starfsfólk eigi jafna möguleika til starfsþróunar
- starfsfólk eigi jafna möguleika til þátttöku í stefnumótun og þróun skólans
- jafnræðis sé gætt við framgang og stöðuhækkunar.

| Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Verklök |
|--|---|--|------------|
| Stuðlað verði að fjölbreyttum starfsmannahópi. | <ul style="list-style-type: none"> - Við gerð auglýsinga um laus störf skal leitast við að höfða til fjölbreytts hóps einstaklinga. - Við ráðningar verði leitast við að jafna eða viðhalda jöfnu kynjahlutfalli í starfsmannahópnum. - Kynjahlutföll í hæfis- og ráðningarnefndum séu eins jöfn og komið verði við. | Rektor, framkvæmdastjóri, mannauðsstjóri, Deildarforsetar, forstöðumenn á stoðsviðum, fagstjórar | Viðvarandi |
| Greidd verði jöfn laun og veitt sömu kjör fyrir sömu og sambærileg störf. | <ul style="list-style-type: none"> - Listaháskólinn móti jafnlaunastefnu. - Listaháskólinn verði jafnlaunavottaður vinnustaður. | Mannauðsstjóri | Vor 2020 |
| Starfsfólki sé gert kleift að samræma einkalíf og vinnu. | <ul style="list-style-type: none"> - Skipulag skóladagatala taki tillit til þarfa fjölskyldufólks. - Skipulag stundatöflu taki tillit til þarfa fjölskyldufólks. - Unnið verði gegn vinnutengdu áreiti utan vinnutíma, s.s. tölvupósti. - Árleg viðhorfskönnun á meðal fastráðinna starfsmanna kanni möguleika starfsfólks til samræmingar á starfi og einkalífi. | Námsstjóri Mannauðsstjóri | Vor 2020 |
| Starfsfólk eigi jafna möguleika til starfsþróunar. | <ul style="list-style-type: none"> - Starfsfólk hafi jöfn tækifæri til umsókna í starfsþróunarsjóði skólans. Í því felst að upplýsingagiöf sé jöfn til allra starfsmanna og að yfirmenn ræði starfsþróunarmöguleika, -þarfir eða -áhuga í árlegum starfsmannasamtölum. | Mannauðsstjóri Stjórnendur | Viðvarandi |
| Starfsfólk eigi jafna möguleika til þátttöku í stefnumótun og þróun skólans. | <ul style="list-style-type: none"> - Starfsfólk eigi jafna möguleika á setu í nefndum og ráðum skólans. - Kynjahlutfall í stjórn, nefndum og ráðum verði eins og jafnt við verði komið. | Stjórnendur | Viðvarandi |
| Jafnræðis sé gætt við framgang og stöðuhækkunar. | <ul style="list-style-type: none"> - Framgangur í akademísku starfi sé veittur samkvæmt reglum Listaháskólans þar að lútandi. - Við stöðuhækkunar skal litið til frammistöðu, hæfni og starfsþróunar viðkomandi starfsmanns. | Mannauðsstjóri Stjórnendur | Viðvarandi |

3. FRÆÐSLA

Megináherslur eru að:

- auka þekkingu á jafnréttismálum innan Listaháskólans
- auka þekkingu nemenda og starfsfólks á hvað teljist vera einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi
- auka þekkingu á viðbragðsáætlunum LHÍ við einelti og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

- safna og miðla upplýsingum um stöðu jafnréttismála innan LHÍ
- greina og miðla tölfræðiupplýsingum eftir kynjum.

| Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Verklok |
|---|--|--|---|
| Auka þekkingu á jafnréttismálum innan Listaháskólans. | <ul style="list-style-type: none"> - Jafnréttisnefnd standi fyrir fræðslu um jafnréttismál á jafnréttisdögum, fyrir starfsfólk og nemendur. - Mótaður verði og útgefinn jafnréttisgátlisti. - Stuðningur við kennara aukinn m.a. með mótun og innleiðingu jafnréttisgátlista kennara. | Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd. | Viðvarandi |
| Auka þekkingu nemenda og starfsfólks á hvað teljist vera einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi. | <ul style="list-style-type: none"> - Fræðsluefni útbúið og útgefið. | Jafnréttisfulltrúi | Vor 2021 |
| Auka þekkingu á viðbragðsáætlunum LHÍ við einelti og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. | <ul style="list-style-type: none"> - Árvissar kynningar á þeim áætlunum sem skólinn býr yfir. - Nýnemum og nýju starfsfólki séu kynntar viðbragðsáætlanir við upphaf náms/starfs. - Vitund nemenda og starfsfólks eflað með fjölbreyttum leiðum. | Námsstjóri Jafnréttisfulltrúi | Vor 2020 |
| Safna og miðla upplýsingum um stöðu jafnréttismála innan LHÍ. | <ul style="list-style-type: none"> - Kannanir lagðar fyrir starfsfólk og nemendur sem mæla annars vegar tíðni atvika er varða einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi og hins vegar stöðu jafnréttis innan skólans. Niðurstaða skal birt starfsfólki og nemendum. | Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisnefnd | Kannanirnar eru lagðar fyrir til skiptis að hausti. |
| Greina og miðla tölfræðiupplýsingum eftir kynjum. | <ul style="list-style-type: none"> - Eftirfarandi þættir skulu greindir eftir kyni og niðurstöður kynntar: <ul style="list-style-type: none"> ○ samsetning nemendahópa eftir deildum og brautum ○ samsetning starfsmanna eftir deildum og sviðum ○ nýráðningar ○ framgangur og stöðuhækkningar (eða tilfærslur í starfi) ○ samsetning stjórnenda. | Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisnefnd | Árlega |

JAFNRÉTTISÁÆTLUN, ENDURSKOÐUN OG SAMÞYKKT

Jafnréttisáætlun þessi skal tekin til endurskoðunar að jafnaði á þriggja ára fresti eða oftar ef þurfa þykir. Aðgerðir skulu yfirfarnar árlega þar sem árangur er metinn og nýjar aðgerðir mótaðar þar til markmið næst.

Jafnréttisnefnd er heimilt að stofna starfshóp um áætlunina og endurskoðun hennar ef þurfa þykir. Jafnréttisnefnd hefur heimild til að leita til starfsfólks Listaháskólans og utanaðkomandi sérfræðinga um ráðgjöf og álit ef ástæða þykir til.

Breytingar á áætluninni krefjast samþykkis framkvæmdaráðs Listaháskólans.

JAFNRÉTTISFULLTRÚI

Jafnréttisfulltrúi Listaháskólans er skipaður af rektor. Jafnréttisfulltrúi er fulltrúi í jafnréttisnefnd og situr samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna þar sem unnið er að sameiginlegum verkefnum. Jafnréttisfulltrúi skal sjá til þess að jafnréttisáætlun sé starfsfólki og nemendum aðgengileg og sé sýnileg á heimasíðu skólans. Jafnréttisfulltrúi safnar og birtir mælanlegar upplýsingar um stöðu jafnréttismála innan Listaháskólans og er fulltrúi jafnréttisnefndar í málum sem lögð eru fyrir framkvæmdaráð ásamt formanni nefndarinnar. Jafnréttisfulltrúi tekur á móti umkvörtunum er varða misrétti og ber ábyrgð á því að þau séu tekin fyrir með formlegum hætti á fundi jafnréttisnefndar.

JAFNRÉTTISNEFND

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Framkvæmdaráð skipar í nefndina sem skal vera fullskipuð að vori fyrir næsta skólaár. Nemendaráð skipar fulltrúa nemenda. Nefndin skal koma saman til fyrsta fundar innan mánaðar frá upphafi skólastarfs.

Nefndinni er heimilt að sækja sér utanaðkomandi þekkingu ár hvert.

Meðlimir jafnréttisnefndar eru fulltrúar jafnréttismála innan skólans, þeir bera ábyrgð á að minna samstarfsmenn og nemendur á að halda uppi gildum jafnréttis og jöfnum rétti allra.

Helstu verkefni nefndarinnar eru að:

- endurskoða jafnréttisáætlun LHÍ
- hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna, fylgjast með breytingum á þeim og fylgja eftir við endurskoðun á jafnréttisáætlun
- fylgja eftir framkvæmd jafnréttisáætlunar
- yfirfara aðgerðir jafnréttisáætlunar árlega, meta árangur og móta nýjar aðgerðir
- safna og birta reglulega mælanlegar upplýsingar um stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum
- vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana deilda og sviða, ef þess er óskað
- standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir nemendur og starfsfólk
- standa fyrir könnunum um stöðu jafnréttis innan skólans meðal nemenda og starfsfólks.

NEFNDARSKIPAN

Skipan í jafnréttisnefnd er háttáð með eftirfarandi hætti:

Fulltrúi nemenda: 1.

Fulltrúar starfsmanna: 5, þar af er jafnréttisfulltrúi LHÍ.

Nefndin kýs sér formann á fyrsta fundi hvers skólaárs sem stýrir og skipuleggur starf nefndarinnar og boðar til funda.

Starfsmenn eru skipaðir að lágmarki til tveggja ára í senn en fulltrúi nemenda í að lágmarki eitt ár.

Jafnréttisfulltrúi er skipaður ótímabundið. Í nefndinni skal ávallt sitja að lágmarki einn meðlimur frá fyrra ári til að skapa samfellu í starfi nefndarinnar á milli skólaára.

Samþykkt af framkvæmdaráði 9. október 2019.